



**Ávarp
forseta Íslands
Höllu Tómasdóttur
við setningu
Guls septembers
1. september 2024**

Heilbrigðisráðherra,
borgarstjóri,
aðstandendur Guls septembers
og aðrir góðir gestir

Hvernig samfélag viljum við byggja hér?

Ég veit að spurningin er stór og marglaga – og ég veit líka sem er að henni verður ekki svarað í þessu stutta ávarpi. En ég veit að einkunnarorð átaksins Guls septembers - kærleikur, aðgát og umhyggja – eru vörður sem skipta sköpum þegar byggja á gott samfélag. Því hver erum við – sem þjóð og sem samfélag – án náungakærleiks og mennsku?

Án þessa er mannlegt samfélag tómlegt - og kalt! Því við þurfum hvert á öðru að halda og heimurinn þarf á hverju okkar að halda. Við höfum öll mikilvægu hlutverki að gegna.

Ég stend hér með ykkur í dag og ég finn til; ég er hrygg í hjarta vegna þeirra atburða sem hafa orðið í okkar samfélagi síðustu daga og vikur. Hjarta mitt er hjá öllum þeim sem nú eiga um sárt að binda – fjölskyldum, vinum og samfélögum sem eru harmi slegin og buguð af sorg.

Það er viðtekin venja að lesa lífsgæði úr hagtölum. Þær eru sannarlega mikilvægar, en aðeins brot af miklu stærri mynd. Ef vanlíðan, tilgangssleysi, einmanaleiki, fíkn og ofbeldi fara vaxandi er við stóran vanda að etja. Þessi mál

eru raunar að mínu mati okkar brýnustu verkefni - sem við verðum að leysa saman.

Ég er þakklát fyrir að tilefni þess að við erum hér saman komin er setning Guls septembers, vitundarvakningar um geðrækt og sjálfsvígsforvarnir. Ég fagna því að hér taka ólíkir aðilar höndum saman og leggja heilan mánuð undir slíkt átak, sem mér skilst að sé einsdæmi í heiminum.

Á Íslandi láta að meðaltali 39 einstaklingar lífið í sjálfsvígum á hverju ári - og margfaldur sá fjöldi þjáist bæði á undan og eftir að ástvinur kveður með svo sárum hætti. Samkvæmt Unicef er Ísland í 4. sæti af 41 þjóð þegar kemur að tíðni sjálfsvíga ungmenna. Þetta eru stóru, erfiðu málin í öllum samfélögum. Hlutverk okkar er að knýja fram svör við því hvernig við snúum þessari þróun við. Ykkar framlag, kæru vinir, í þá veru er ómetanlegt.

Lífsbrú, með stuðningi heilbrigðisráðuneytisins, skiptir sköpum á þeirri vegferð. Og fleira þarf að koma til. Það er okkar sameiginlega verkefni að sporna við faraldri sem hefur svo margar ömurlegar og sorglegar birtingarmyndir. Við þurfum á þjóðarátaki að halda. Samvinna þvert á hópa og stofnanir samfélagsins er leiðin áfram.

Við ykkur öll sem að þessu átaki standið vil ég segja: Takk – fyrir ykkar framlag og forystu í þessum málum. Og ég vil sérstaklega þakka ykkur fyrir brýninguna um að oft þarf ekki meira til að breyta lífi fólks sem tekst á við erfiðleika en að sýna þeim einmitt kærleik, aðgát og umhyggju.

Sú áminning er okkur öllum holl í amstri dagsins, nú þegar það virðist æ oftast lágskýjað. Munum líka að það er hjálp að fá. Ekki hika við að biðja um hana, fyrir okkur sjálf - og fyrir þá sem við teljum að á þurfi að halda.

Við erum öll mikilvæg og það er alltaf von. Sveipum samfélagið okkar hlýju og birtu gula litarins í september – Hann er tákn um stuðning okkar við þetta mikilvæga átak. Setjum upp gulan klút, kveikjum á kertum, klæðumst gulu, bjóðum uppá gular veitingar, virkjum sköpunarkraftinn og samstöðuna og vinnum saman að góðu geðheilbrigði, öllum til heilla.